

Harpa Dís Hákonardóttir
Kársnesbraut 99
200 Kópavogur

Reykjavík 26. apríl 2019
UST201904-116/09.07.01
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Seltún

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hörpu Dísar Hákonardóttur dagsett 9. apríl, um leyfi til efnistöku við Seltún innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Ráðgert er að safna 30 kg af leir úr læknum sem rennur úr Seltúni. Leirnum yrði safnað utan jarðhitasvæðisins með skóflu þar sem lækurinn rennur meðfram vegi 42. Einn starfmaður kemur að efnistöku. Efnistakan færir fram í kringum mánaðarmótin apríl/máí 2019.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif til langs tíma litið sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru í bréfi þessu. Efnistökuastaður er utan hverasvæðisins og mun því ekki hafa áhrif á það. Framkvæmdin mun hafa tímabundin neikvæð sjónræn áhrif á svæðið en áhrifin eru afturkræf.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir efnistöku á 30 kg af leir úr læk við Seltún sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 26. apríl til 3. maí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Efnistaka fari einungis fram í lækjarfarveginum og á gróðursnauðu svæði utan alfaraleiðar.

- Leirnum skal safnað þar sem ummerki um efnistöku eru ekki sýnileg og skal vanda til við frágang svæðisins að efnistöku lokinni.
- Efnistaka skal fara fram þegar sem fæstir gestir eru á ferðinni, snemma morguns eða að kvöldi til.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri